María Jónsdóttir

1844—1923.

Kona þessi, er hér um ræðir, andaðist á síðastliðnu hausti, og var þess þá getið í blöðunum. Frá æfi hennar var eigi skýrt, en þess getið, að það yrði gert seinna. Fram til þessa hefir þetta dregist, vissra orsaka vegna er eigi verða tilgreindar, búa synir hennar í fjarska —vestur á Kyrrahafsströnd, og er ekkjumaðurinn fyrir nokkru fluttur þangað líka.

María sál. Jónsdóttir var fædd 5. desember 1844, á Fjósum í Laxárdal í Dalasýslu. Foreldrar hennar voru þau hjónin Jón Benediktsson og Björg Þorsteinsdóttir, er lengi bjuggu á Fjósum. Á fyrsta ári var hún tekin til fósturs af þeim hjónum, Jóni Bjarnasyni og Sigríði konu hans á Gillastöðum í sömu sveit. Voru þau vinafólk foreldra hennar. Með þeim ólzt hún upp til 18 ára aldurs að hún fór þá heim aftur til foreldranna, og dvaldi eftir það í föðurgarði, þangað til hún giftist fyrra manni sínum, Guðmundi Guðbrandssyni árið 1872. Eftir eins árs sambúð misti hún hann, höfðu þau þá eignast einn son, Eyjólf Sigurjón, og var hann aðeis tveggja vikna gamall er faðir hans andaðist. Með frábærum dugnaði vann þá María sál. fyrir sér og syni sínum í sjö ár. Voru efnin lítil og aðstoðar naut hún engrar utan að frá.

Árið 1880 giftist hún annað sinn, Magnúsi, syni Jóns bónda Magnússonar á Syðra-Skógarnesi í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi og konu hans Kristínar Þorleifsdóttur spaka í Bjarnarhöfn. Bjuggu þau um tíma í Dal og síðan í Hrísdal í Miklaholtshreppi. Færðu þau þaðan bú að Skógarnesi og voru þar lengst, en síðast að Saurum í Staðarsveit. Þaðan fluttist Magnús maður hennar einn síns liðs, vestur um haf árið 1887, með því áformi að skoða sig um og tilbúa fjölskyldu sinni stað ef honum litist á sig. Fluttist þá María sál., með börnum sínum að Skógarnesi, en árið eftir vestur á eftir manni sínum. Settust þau að við Hallson í N. Þakota og bjuggu þar upp að árinu 1895, að þau fóru búferlum austur til Roseaubygðar í Minnesota. Námu þau þar land og bjuggu þar í 5 ár, en færðu sig þá til hinnar nýju bygðar norðan landamæranna — Pine Valley, námu land um 2 mílur sunnan við, þar sem þorpið Piney stendur og bjuggu þar í 16 ár. Að því búnu færðu þau sig inn til bæjarins. Var hún þá mjög farin að bila að heilsu, og missa sjón. Ágerðist sá lasleiki mjög svo að síðustu árin var hún alblind, og gat því litla hjálp sér veitt, þó lengst af fylgdi hún fötum. Seldu þau hús sitt þeim hjónum Einari Einarssyni og konu hans, eftir því sem þeim var unt að láta í té.

Með síðari manni sínum eignaðist María sál. tvö börn, pilt og stúlku. Mistu þau dótturina er hét Björg Jakobína Stefanía, nær þriggja ára gamla, heima, en sonur þeirra fluttist með með þeim vestur og ólzt upp hjá þeim til fullþroska aldurs. Heitir hann Jón Guðmundur Björgvin, er kvæntur komu af amerískum ættum, og búa þau ásamt Eyjólfi hálfbróður hans vestur við Kyrrahafsströnd í borginni Tacoma í Washington-ríki.

María sál. var skýrleiks kona, fróð og fjölminnug, jafnlynd og glaðlynd, þótt ýmsu andstreymi væri að mætá. Eftir að vestur kom bjuggu þau hjón lengst við sæmileg efni. Vel var hún að sér til allra verka, lærði það sem kallað var hannyrðir á uppvaxtaráruhum, útsaum, baldéringu og vefnað. Iðjusöm var hún alla þá tíð, er hún naut hellsunnar og vann stundum meira en orkan leyfði. Brjóstgóð var hún og hugulsöm og hafði bæði löngun og ánægju af að gleðja aðra er hjálpar þurftu. Naut því almennra vinsælda þeirra er hana þektu. Útför hennar fór fram laugardaginn 15. nóvember, frá heimili og félagshúsi Íslendinga í Piney. Húskveðju og líkræðu flutti séra Rögnvaldur Pétursson frá Winnipeg.

Við lát hennar væri margs að minnast, sem við burtför svo margra hinna eldri Íslendinga, er atvikin leyfðu og kunnugleiki væri nógur, en það er þrautseigjan og siðugluyndið, og sjálfsafneitun við erfið lífskjör án þess þó að glatað sé hinum innri sálar eiginleikum, er auðkennir æfi þeirra flestra. Æfisaga mannanna flestra er með sama hætti er litið er til hins ytra, — nokkur atvik er aðgreina áraraðirnar á vegferðinni, milli vöggu og grafar. En aftur er sjálf æfisagan næsta ólík. En sú æfisaga, er aldrei rituð og aldrei sögð.

R.

Til Jóns J. Bíldfells.

Heiðraði ritstjóri "Hkr."!

Eg verð að biðja þig, að ljá eftirfarandi línum rúm í blaði yðar, "Heimskringlu".

Í ritstjórnargrein "Lögbergs", frá 10. apríl þ. á., stendur meðal annars þessi yfirlýsing:

"Því allir*) vita, að það var af aulaskap, en ekki af verzlyndi, að Viking Press tók að sér að prenta bókina (átti við Hermannaritið) fyrir miklu lægra verð, en Columbia Press, eða nokkurt annað prentfélag gat staðið sig við að gera það, og því ekkert vit í að vera að leggja þau afglöp til grundvallar, þegar um sannvirði er að ræða, því hvorki séra Rögnvaldur né heldur nokkur annar eigandi Viking Press félagsins, mundi kæra sig um, að gera það í annað sinn".

Svo mörg eru þessi orð! Já, mikil og dásamleg er speki þín, Jón! Þú segist vita um hvað allir vita: jafnvel getað rannsakað og fengið vissu um hugrenningar manna! Vestur-Íslendingar ættu nú að geta séð og trúað, að spámaður mikill er upprisinn þeirra á meðal, og er það máske varhugavert, að veikja það álit, þar sem það hefur gróðursett og frjóvgunarmold fengið. En vegna þess, að eg var ráðsmaður Viking Press félagsins um þær mundir, að samningar voru gerðir við Jóns Sigurðssonar félagið, um prentun á áminnstri bók, og var sá er undirritaði þann samning af félagsins hálfu, verð eg að lýsa því yfir, að herra Jóni J. Bíldfell hefir algerlega skjátlast í þetta sinn, og óska eg eftir, að hann geri yfirlýsing í blaði sínu þess efnis.

Þegar eg reiknaði á verk þetta fyrir Jóns Sigurðssonar félagið, setti eg mér það augnamið, að líta á þær erfiðu kringumstæður er konurnar höfðu við að stríða, að geta komið verki þessu í framkvæmd, og þar sem eg vissi, að það yrði þeim og Vestur-Íslendingum yfirleitt til sóma, eins og reynslan nú hefir gefið. Engin önnur þjóð í þessu landi, hefur enn sem komið er reist mönnum sínum, er þátt tóku í stríðinu mikla, jafn tignarlegt merki fyrir komandi kynslóðir, eins og Jóns Sigurðssonar félagið gerði með útgáfu bókar þessarar. Hing vard eg einnig að gæta, að Viking Press skaðaðist ekki á prentuninni, og það gerði eg. Því til sönnunar skal eg sem einn eigandi Viking Press félagsins bjóða herra Jóni J. Bildfell, eða hverjum öðrum, að prenta samskonar bók fyrir sama verð, ef tilgangur útgáfu slíkrar bókar er jafn göfugur og tilgangur Jóns Sigurðssonar félagsins, með að gefa út Hermannaritið.

Ef herra Jón J. Bildfell álífur þetta eða nokkuð annað sem sanngirni sýnir "aulaskap", þá er honum það velkomið, það breytir ekki hið minsta mínum skoðunum.

Eitt annað atriði hefir verið minst á, í sambandi við bók þessa; það er pappírsþyngd sú, er bókin er prentuð á. Jón vill halda því fram, að hún sé svikin. Það er erfitt að geta áttað sig á slíkri staðhæfing, frá manni, sem ætti að hafa einhverja þekking á slíku. Ráðsmaður og ritstjóri Columbia Press félagsins, veit það ósköp vel, að tilboð í prentunina gerð af því félagi og Viking Press félaginu, voru reiknuð á nákvæmlega sömu þyngd af pappír, eða 32x44x100, eins og samningar þeir, sem gerðir voru af lögmanni Jóns Sigurðssonar félagsins sýna. Þótt Viking Press félagið legði til þyngri pappír í bókinga fyrir tilmæli kvennanna kemur það þessu máli ekki við.

Eg hafði hugsað mér, að hafa enga þátttöku í þeim deilumálum, sem staðið hafa og standa yfir í íslenzku blöðunum, en þar sem jafn dónalegum aðdróttunum er lýst yfir gjörðum þeim, er gerðar voru milli Viking Press félagsins og Jóns Sigurðssonar félagsins, á þeim tíma er eg var annar málsaðili, en séra Rögnvaldur Pétursson var staddur úti á Íslandi, þá gat eg ekki lengur orða bundist, þó eg hafi enga tilhneigingu til að loka saurrennum "Lögbergs".

B. Pétursson.

Hugleiðingar.

Heiðraði ritstjóri!

Það má varla minna vera, en að eg sendi þér, þó ekki sé nema kveðju og kærar þakkir fyrir "Heimskringlu", sem mér hefir líkvel í flestan máta, þó vel hefði mátt vera meira um þessa landshág og framtíðahorfur, sem vissulega er þörf á að athugaður sé og skýrður sem sannast og skynsamlegast. Það er ekki efnilegt ef satt er, að margar jarðir séu í eyði hér í Manitoba, og að mikill fjöldi sé vinnulaus í höfuðborginni hjá ykkur. Það virðist vera skylda hvers hugsandi og dugandi borgara, að fhuga hvað til kemur, rannsaka ástæðurnar að þeirri landeyðing, og koma sér saman um ráð gegn slíku meini. Ekki er jörðinni um að kenna, frjó er hún og öllum góð, sem sýna henni rækt. Ekki er hægt að kenna óblíðu náttúrunnar um, undanfarið, eins og hún hefur leikið við þessa fbúa undanfarið.

Stjórn mannanna á þeim gæðum, sem þeim er í hendur fengnar, hlýtur því að vera áfátt. Orsakirnar má því sjálfsagt finna til landauðnar og atvinnuleysis, svo framarlega, sem þessi mein eiga sér stað hér í þessu góða fylki okkar. Til þess eru menn til stjórnar settir, að þeir stýri úr vandræðum og skynsamir menn kosnir á þing stjórninni til aðstoðar og umráða, og goldið kaup þar fyrir.

Það mundi verða vinsælt, ef "Heimskringla" segði lesendum sínum ýtarlega frá ráðstöfunum þessara forsprakka vorra. Sömuleiðis frá því, hvernig hagur fylkisins stendur, sem oft var greinilega gert fyrrum, í tíð Mr. Baldvinssonar, bæði hvað búskap áhrærði og aðrar atvinnugreinar. En einkanlega væri það nytsamlegt og vinsælt, að gefa mönnum færi á að fylgjast með og fræðast um gagnsemi og alt ástand þess lands eða landshluta, sem maður á heima í. Það mætti vel koma í staðinn fyrir samtíningslega smámuni, sem gerast úti á íslandi, sem nýkomnum kann að þykja gaman að lesa um, ef nokkrir eru, en öðrum síður, sem þar eru erðnir ókunnugir, þó góðan hug hafi til gamla landsins. Jafnfram væri það æskilegt, að sem flestir lesendur "Heimskringlu" sendu blaðinu línu, bæði fréttir og fáein orð um landsins gagn og nauðsynjar. Það væri vel þegið, þó það væri ekki langt frá hverjum og gerði blaðið líflegra, bæði fyrir þá, sem það gerðu og aðra.

Þjóðræknisþinginu hefir þú vandlega lýst, virðist mér, þó ekki hafi eg lesið alt það langa mál enn þá. Þó skildist mér, að doðabragð sé komið á þann félagsskap, þar sem svo margir færðust undan kosningu í embætti félagsins. Sömuleiðis hefi eg fengið ávæning um sundurlyndi í því, sem er alt annað en gott. "Íslendingar viljum vér allir vera", er og gamalt og gilt orðtæki, sem nær til allra er á ættjörðinni hafa séð dagsins ljós og aldei ætti þeim úr minni að líða, "hvernig sem stríðið þá og þá er blandið". — En að vísu ættu þessi samtök alls ekki að slitna þó að flokkadrættir ættu sér stað innan þeirra: félagið getur staðið með fullu fjörj og dafnað fyrir því. Ef tveir flokkar ýtast of freklega á, þá er hægur vandi að stofna þann þriðja til að glíma við báða og enn fleiri til fjörs og framtaks. Þetta ættu ungir menn að gera sjálfum sér til frama og félaginu til eflingar. Þeir eldri virðist mér að gera mundu vel, ef þeir drægju sig ekki í hlé, heldur beittu reynslu sinni til að efla félagsskapinn, meðal annars með því, að örfa sér yngri og leiðbeina þeim til að taka við, og fyrir engan mun snúa við bakinu, þó ekki sé alt í þeim skorðum sem þeim líkar bezt. "Þar er ættjörð sem vel vegnar", er og reyndra manna mál, en þjóðræknissamtökin eru til þess stofnuð, að styðja hvern sem í þeim reynist svo dugandi, hollur og framtakssamur, að talist geti góður félagsmaður. Þetta virðist mér íhugunarvert fyrir álla Isl. hér vestra. Eg er nú búinn að vekja máls á nokkrum atriðum með meinlausu móti, vona eg, því eg vel vera öllum vel viljaður. Geri nú aðrir betur, kvarti eða segi gott af sér og sínum högum og sinna stétta, eða bygðarlaga, svo upplýsing aukist og drungi þoki burt.

N. B.

*) Leiðrbreyting er vor.

HÁTT OG LÁGT

Eftir

Guttorm J. Guttormsson.

Í sàmsæti.

Á hausti, meðan sól á lofti lækkar
Og langur vetur nálgast jarðarból,
En gleðisól á andans himni hækkar
Og hópar myrkur fyrir þeirri sól, —
Í vinahúsi brúðhjón ung við blessum
Og biðjum þeim alls góðs í sannri trú;
Til eilífs láns í öðrum heimi og þessum
Við óskum doktor Thomson og hans frú.

Já, alla hluti þeim til góðs við þráum;
Og þrjóti aldrei lífs og sálarbrauð.
Við finnum, vitum, fram í tíma sjáum
Þau fagna silfur—gulls—og demantsauð.
Það ættum við að láta okkur lynda
Og lífga þenna gestasamfögnuð
Og víst er um: Það bilar ei sem binda
Þeir báðir, sira Rúnólfur og Guð.

Himnastiginn.

Þar bakkinn er fram yfir sjálfan sig siginn
Rís sígræn furan, sem Jakobsstiginn,
Til himins og stendur á höfði í fljótinu
Með hæsta toppinn í botni hjá grjótinu.
Svo niður og upp fer eg alveg jafnt,
Á uppgöngu jafnt fer eg langt og skamt.
Í hyldýpiskafi af himinslindum drekk eg
Því hærra eg klifra, því dýpra niður sekk eg.

Lært í lífsins skóla.

Sæluríkið sumra manna er vítið,
Svo eru margir auðugir snauðir.
Margir deyja mikið; aðrir lítið,
Margir fæðast lifandi dauðir.

Eftirköst.

Svefnlyfsmöru seldur fram
Sveif eg burt úr mínum ham,
Hlutir mér voru annað en þeir voru,
Eg var annar en eg var
Aleinn, lífs og dáinn þar
Bæði á himni og jörðu jafnt á hvoru.

Spurning hefst í huga mér:
Hvort mun dauðinn líkjast þér,
Dýpsti svefn að andans æðstu þekking.
Fyrir þinni sjón, min sál,
Sveima' um líf og eilífð tál,
Ljóss og myrkur—lífs og dauða blekking?

Möndullinn í manneskjunni.

Skynsemi mannsins er von að í vafa
Vefjist—þann möndulinn alt snýst í kring
Menn, sem eru' án hennar, möndul ei hafa,
Miðdepil engann í sjóndeildarhring.

Vaðfuglar.

Þeir, sem vaða vatnið grunt,
Víða aurnum sletta,
Vatnið djúpa þeim finst þunt
Þar að vaða skít er unt
Hreinu vatni aðeins unt að skvetta.

Busla þeir æ meir og meir
Myrkri spegil hylja,
Augu sín og eyru þeir
Óvart slettá full með leir,
Sjáandi ekki sjá, né heldur skilja.

Hugsjónin.

Hann berst með hugsjón: að hækka,
Með hæð sinni aðra að lækka.
En enginn annar má stækka,
Því annars vill munurinn smækka.

Úr afturhvarfsræðu.

Einn vantrúarþrjótur á þennan hátt gleyptist:
Af pilfari ofan um lúkugat steyptist,
Og nefndi þá fjandann á nafn, eins og gerist
Kom niður á ullarpoka og snérist.

(Framh.)

Zionsfréttir.

Herra ritstjóri "Heimskringlu"!

Eg er að hugsa um, að senda yður fáeinar línur í dag, svo þér sjáið, að vér erum ekki allir dauðir, þó lítið sé að öðru leyti um gagnlegar og góðar fréttir.

Tíðarfarið hefur mátt heita gott og hagstætt allan þenna vetur. Indælasta tíð í alt haust og fram til jóla. Eftir jól og alt til janúarloka, nokkuð kalt og talsverður snjór, sem tók upp með byrjun febrúar. Síðan voru góðviðri allan febrúar, en marz hefur verið hálf kaldur og umhleypingarsamur, en mjög lítið um snjófall, og svoleiðis er tíðarfarið enn þann dag í dag: en bráðum byrjar vorið, með sólina og sönginn, og alt lifnar við, sem í dvala hefur legið um vetrarmánuðina.

Heilsufar á meðal fólks, er yfirleitt heldur gott, og framtíðarhorfur viðunanlegar. Samt er hér nú sem stendur talsverð verzlunardeyfð, og flestar lífsnauðsynjar í háu verði; og atvinna lítjl, eins og svo oft vill verða yfir vetrarmánuðina.

Einn af bönkum vorum, sem kallaður var "First National Bank", fór á hausinn 4. janúar síðastliðinn, og hafa því margir um sárt að binda, því engin viðreisn hefir fengist á því enn. Sérstaklega kom það helst niður á gömlu og fátæku fólki, sem átt þar aleigu sína, þeir gömlu, sem áttu þar nokkra dali, urðu verst úti, þeir er höfðu með súrum svita alla sína æfi, lagt upp fáeina dali, fyrir hina svokölluðu rigningadaga, töpuðu þar aleigu sinni. Og margar fjölskyldur sem áttu þar svolítið, til að lifa á í vetur: sumt stórar fjölskyldur, hafa liðið tilfinnanlega fyrir þetta; en bankaþjónarnir ganga um götur bæjarins með silkihatta á höfði, hvíta kraga og gullbúna stafi, og sýnast ekki hafa tekið eftir að nokkuð væri rangt á ferðinni. Þeir keyra í bifreiðum, þegar þeir fara eitthvað: drekka gott vín og reykja beztu vindla, og hafa að öllu leyti hina bestu tíma. Sofa síðan rótt og hvílast vel, fram til hádegis alla daga. Mikil og góð eru lögin í landi voru, að svona nokkuð fær átt sér stað.

Námuslys mikið kom fyrir í kolanámu-bænum Castle Gate hér í Utah, hinn 8. marz s. l. Voru þar að kolagreftri 172 menn, sem allir mistu lífið á svipstundu, og í kring um 20 hestar og múlar; sem sagt fórst þar inni alt sem lífsanda dró, en engu varð bjargað, svo skaðinn varð óttalega mikill — nokkrar miljónir dollara.

Núver búið að ná út öllum þeim sem létu þar líf sitt og jarða þá alla. Og nú er verið að hreinsa út námuna og koma öllu í samt lag aftur.

Næstum allir, sem fórust þarna, voru fjölskyldumenn; sumir áttu 10 börn, fyrir utan konur og aðra áhangendur. Enginn af þessum, sem fórust var íslendingur. Ein kona íslenzk misti son sinn, og önnur af íslenzkum ættum místi mann sinn, sem mun hafa verið af dönskum ættum. Hinir aðrir voru annara þjóðamenn, og útlendingar.

Sagt er, að allar ekkjurnar munu fá um $4,500.00 úr ríkissjóði sem skaðabætur, en kolanámafélagið sá um allan kostnað við útfarir og fleira.

Frá löndum vorum hér, er ekki mikið að frétta, þó mætti geta þess, að þrir á meðal vor hafi látist á þessum vetri:

Íslelkur bóndi Ólafsson, 17. des